




Afstöðumynd 1 : 500

Bygginga og tæknilýsing.
Einbýlishús fyrir starfsmenn við Hafralónsá - Þorsteinsstaðir 1, 681 Langanesbyggð
Landnúmer: L238824

Almenn lýsing, starfsemi og notkun.
Um er að ræða nýbyggingu, einbýli fyrir starfsmenn, sem rísa á í landi Þorsteinsstaða í Þistilfirði. Húsið er útfært með gisti- og aðstöðurýmum fyrir starfsmenn veiðihússins við Hafralónsá. Byggingin er útfærð sem heild, með herbergjum í hvorum enda. Húsið er á einni hæð, 5 herbergi fyrir starfsmenn, 2 baðherbergi, eldhús í alrými þvottahús, þvottahús og ræsting í sama rýminu og forstofa. Tæknirými og geymsla eru í enda hússins, tæknirými hýsir tæknibúnað bæði fyrir starfsmannahús og veiðihús.

Uppbygging og efnisval
Húsið er útfært með léttum útveggjum og þaki, timburhús, á einni hæð, sökklar og gólfplata eru steinsteyp.

Sökklar og gólfplata
Húsið er grunduð á þjappaða fyllingu. - **Sökklar** eru staðsteyptir, einangraðir með 50mm sökkuþlötum, að utanverðu og 75mm EPS einangrun innan á sökkuþveggi, 400mm niður fyrir botnplötu. Að utanverðu er Sökkulasfalt á steypu og takkadúk, þar sem jarðvegur liggur að sökklum. Klætt er yfir einangrun að utanverðu með 12mm Viroc plötum, 40cm niður fyrir frágengin jarðveg við húsið. - **Botnplata** er staðsteypt, einangrun undir plötu er 75mm EPS einangrun, 24kg/m³. Kólnunartala botnplötu skal mest vera 0,3 (W/m² K).

Uppbygging útveggja
Burðargrind er 45X145mmm, stífing og vindlokun er 9mm krossviður, yfir krossvið er vindlokunardúk, „Solitex fronta quattro“ eða sambærilegt. Utanhússklæðning, veðurkápa, er „en på to“ klæðning, sett upp á loftað undirkerfi, undirkerfi fyrir veðurkápu skal að lágmarki hafa 10mm loftunarbil frá innra borði klæðningar. Kólnunartala útveggja skal mest vera 0,3 (W/m² K). Utanhússklæðning er 20x165mm borðaklæðning „en på to“, timburklæðning er í því umfangi sem sýnt er á útlitsmyndun.

Þak á starfsmannahúsi
er mænisþak með 24° halla og í kvistum er halli 26°. Burðarvirki er hefðbundnar trésperrur sem hvíla á útveggjum, mænis-ás, berandi innveggjum súlum og burðarbitum í því umfangi sem kemur fram á uppdráttum sérhönnuða. Þakið er einangrað með 220mm þakull, amk. 30kg/m³, einangrun er með áföstum vindpappa (pam>20). Kólnunartala í þökum skal mest vera 0,2 (W/m² K). Þök eru létt þök, klædd með 18mm þakcrossvið og þakdúk, - Öndunardúk - "Solitex Mento" með (sd-gildi 0,05) - eða sambærilegt. Þakdúkur er festur á klæðningu með 35X45mm listum, nota skal naglapéttiborða, krosslektur eru 45X95mm, lagðar þvert á „klemmi“ lista fyrir dúk, veðurkápa er Alu-zink. Litur þak- klæðningar er svartur.

Innanhússfrágangur
Fyrir léttu innveggi eru skilgreindar 2 þýpur með mismunandi uppbyggingu eftir kröfum um brunamótstöðu og hljóðeinangrun.

Innveggjatýpa 15, 221mm – Timburgrind, 45X145mm, krossviður 12mm beggja megin og 2 lög af 13mm eldvarnargífsi með trefjum beggja megin, einangrun er 145 mm þéttull-plús 40kg/m³, Almennt eru veggir slétt spartlaðir og málaðir, allir veggir málaðir samkvæmt litaforskrift arkitekta. Í baðherbergjum eru veggir klæddir með votrýmis gífsi og flísalagðir að hluta til. Veggjatýpa merkt "Wall Type other" er byggður upp með 70mm stöðum c/c 450mm, einangrun er 70mm þéttull-plús, 40kg/m³ plötuklæðning, innra lag er 12mm OSB og 1x13mm gífs-klæðning á hvora hlið
Frágangur gólfa - í stofu, borðstofu, göngum, og herbergjum er eikarparket. Gólf andyri, þvottahúsi, geymslu og baðherberjum er flísalagt. Gólf í tæknirými er málað.

Frágangur lofta – öll einangrun í þaki er sett upp með 2mm stálvir, cc 300mm, neðan í sperrur er rakavarnarlag, Intello Plus eða sambærilegt. Í flestum rýmum er loft tekið niður nema í eldhúsi og stofu þar er loft upptekið. Rafmagnsgrind 45x45mm, á rafmagnsgrind er klætt með einföldu lagi af gífsplötum, gífsplötur eru hvergi blindfeldar að veggjum, fyllt er í 3mm fúgu við plötur með víðeigandi kitti eftir aðstæðum, Eldvarnarkitti / Acryl / Vatnsheldu-myglufriu kitti, neðan í gífsplötur er 35x45mm grind og 25mm hljóðisogsplata, 75kg/m³, trefjadúk/hljóðdúkur er strengdur neðan í grind, lokafrágangur á lofti er 22X145mm máluð, gisin timburklæðning, 20mm fúga er milli borða í lofti, frágangur á timburklæðningu að veggjum 20mm skugga fúga. Lokafrágangur niðurtækinn lofta í baðherbergjum og ræstingu, er tvöföld klæðning, 12mm OSB og 13mm gífs, slétt-spartlað og málað. Uppteikin loft eru í geymslu og tæknirými. Lofti í geymslu og tæknirými með 45 x 45 grind, 12mm OSB og 13mm gífs.

Einangrun.
Einangrun byggingahluta er í samræmi við gildandi byggingareglugerð nr.112/2012. og útreikningar er samkvæmt ÍST66.

Orkurammi – reiknað gildi.
• Steipt gólf með gólfgeisla, 0,30 (W/m²K)
• Léttur útveggur, 0,22 (W/m²K)
• Þök-Létt, 0,19 (W/m²K)
• Gluggar, 0,21 (W/m²K)
Krafa meðaltals er, <0,85
Vegið meðaltal orkuramma, 0,78

Annað
Samkvæmt 12.8.1 gr. byggingareglugerðar, skal tryggja að læst geymsla eða skápar verði skilgreindir fyrir hættuleg þvottefni, hreinsefni o.þ.h.

Votrými
Flísar eru á gólfum í votrýmum. Veggir í votrýmum er innra lag klæðningar votrýmis gífs. Í öllum tilvikum eru plötur ekki blindfeldar að gólfi, lofti eða í lóðréttum kverkum, við láréttar og lóðréttar kverkar skal vera 3mm fúga sem fyllt er í með Polyurethane eða öðru viðurkenndu efni, kitta skal í kverkar á hverju plötulagi fyrir sig, einnig skal vígsla plötuskeytum. Lokafrágangur veggja í votrýmum undir flísalögn er þannig að kverk borðar eru lagðir í kitti og þéttikvoðu í allar kverkar, lóðréttar og láréttar, lokafrágangur undir flísalögn eru tvær umferðir af raka-þéttikvoðu yfir alla fleti. Í þvottahúsi, tæknirými, ræstingu, og öðrum votrýmum þar sem ekki er flísalagt og hættu er á gufumyndun, eru veggir málaðir með viðurkenndu málningarefni sem stenst ofangreint álag.


Hljóðvist
Forsendur fyrir hljóðvist miðast við að kröfur í byggingarreglugerð nr. 112/2012 séu uppfylltar. Þar segir: „Allar byggingar sem tilgreindar eru í 1. mgr. skulu að lágmarki uppfylla kröfur til hljóðvistarflokks C samkvæmt staðlinum ÍST 45“. Ekki liggur fyrir eiginleg hljóðvistarhönnun fyrir húsið, en farið er eftir leiðbeiningum frá hljóðvistar hönnuði ásamt leiðbeiningum framleiðenda fyrir uppbyggingu milliveggja og samsetningu byggingahluta. Þar sem það á við eru lagnir slitnar frá burðarvirki og gengið frá með þéttingu milli rýma. Leiðarar innveggja eru með „hljóðfílt“ og skulu settir upp að sperrum, milliveggir skulu í öllum tilvikum rjúfa lofta og vegg klæðningu milli herbergja og annarra rýma, gólf leiðarar eru einnig með „hljóðfílt“. Lóðréttar stoðir milliveggja sem liggja að útvegg eða að öðrum innveggjum skulu rjúfa klæðningu milli rýma, ekki skal blindfella klæðningar að aðliggjandi veggjum og loftum, 3mm fúga skal vera í öllum kverkum við veggj og gólf, við lokafrágang skal fylla í fúgu við hvert plötulag fyrir sig með viðurkenndum fúgumassa undir málningu, eða vatnsheldu efni í votrýmum eða undir flísalögn, eftir því sem við á.

Lagnir
Inntök stofnagna er í tæknirými
Prefalt fráveitukerfi er frá byggingunni regnvatn, skólp og grávatn. Regnvatn af þaki verður leitt í grjótpúkk. Grávatn verður leitt í aðskilið grjótpúkk og verður meðhöndlað skv. leiðbeiningum umhverfisstofnunar. Meginhluti lóðar er með gegndræpu yfirborði, regnvatni frá nauðsynlegum niðurföllum í lóð og frá stéttum við hús verður leitt að stofnlögn fyrir regnvatn og að grjótpúkki með regnvatni frá þökum. Skólp frá byggingunni verður sameinað í stofnlögn og leitt að rotþró sem staðsett er í nálægð við byggingu. Allar frárennslislagnir verða úr viðurkenndum efnum skv. skilgreiningum lagnahönnuðar. Heitt neysluvatn verður upphitað kalt vatn hitað í þar til gerðum neysluvatnskútum en allur frágangur miðar við að hægt verði að bæta við varmadælu á seinni stigum.

Loftræsing
Byggingin er hönnuð miðað við náttúrulega loftræsingu í herbergjum. Hljóðlátar útsogsviftur eru á baðherbergjum, tæknirými, ræstingu, geymslu og andyri. Einnig er ferskloftsventill í andyri.

Rafkerfi
Lagnaleiðir rafmagns og smáspennu verða huldar í veggjum, gólfum og loftum eftir því sem við á, í mögulegum tilfellum þar sem settar eru utaná liggjandi pípur verða þær úr áli eða höggheldu plasti. Lagnaleiðir utanhúss eru plast- röralagnir í jörðu, lagnaleiðir utanhúss eru greindar út frá tæknirými og að þeim stöðum sem hönnun gerir ráð fyrir rafmagni í jörðu að tengipunktum á lóð og bílastæði. Útílýsing verður óbein og glýjulaus, með „afskermuðum“ lömpum. Lagnaleið verður tryggð frá tæknirými að bílastæði, lagnaleið er ætluð fyrir hleðslubúnað raf og tvinnbíla. Rafbúnaður verður hefðbundið innlagnaefni eftir því sem við á og ljósum verður almennt staðstýrt í öllum rýmum. Birtukröfur fyrir lýsingu verða í samræmi við reglugerðir um birtu (lux) í einstökum rýmum. Lýsing verður hefðbundin loftlýsing og lampar valdir í samræmi við notkun rýmisins. Neyðar- og ÚT- lýsing verður í samræmi við staðla og í samræmi við gildandi byggingareglugerð nr.112/2012.

Brunavarnir
Brunavarnir eru ákvarðaðar út frá kröfum byggingarreglugerðar nr. 112 frá 2012, með síðari uppfærslum. Byggingin er í notkunarflokki 3. Starfsmannahúsið er 126,6 m². Byggingin er ein brunasamstæða og skiptist tvö aðskilin brunahólf. Starfsmannahúsið er eitt brunahólf og geymsla/tæknirými er eitt brunahólf. Björgunarop eru úr hverju gistisherbergi. Flóttaleiðir um hurðir eru í forstofu og alrými. Báðar flóttaleiðir eru um hurðir út undir bert loft, annarsvegar svalahurð alrými og hinsvegar hurð í forstofu. Megin burðarvirki hússins uppfyllir kröfu um R60 brunamótstöðu, brunamótstaða veggja milli brunahólfa er EI60. Gengið er frá brunapéttingu við þak sem uppfylla REI-60 samkvæmt grein 9.6.11. Gert er ráð fyrir að í húsinu séu mest 5 manns. Ekki eru seldar gistinætur í húsinu og allir ættu að vera kunnugir umhverfinu. Ekki er talin hættu á þvögumyndun í húsinu þar sem fólksfjöldi er langt undir 30 manns. Reykskynjarar eru í svefnherbergjum og í öðrum rýmum byggingarinnar eins og sýnt er á grunnmynd aðaluppdráttu. Reykskynjarar eru merktir á grunnmynd, samtengdir og tengjast í stjórnstöð fyrir brunaviðvörðunarkerfi. Handslökkvitæki eru merkt inn á grunnmynd, handslökkvitæki eru staðsett við alla innganga, samkvæmt teikningu – sjá grunnmynd aðaluppdráttu. (6í léttvatnstæki), að auki er eldvarnarteppi er í eldhúsi. Sjálfvirkir brunaviðvörðunarkerfi er í byggingunni, stjórnstöð brunakerfis er í vöðlurými inn af anddyri. Út- og neyðarlýsing er í flóttaleiðum, neyðarlýsing má ekki fara undir 1 lux í miðlinu flóttaleiða, skv. reglugerð og ÍST EN1838: 1999 Lighting Application - Emergency Lighting og EN 50172: 2004: Emergency Escape Lighting Systems. Staðsetning ÚT ljósa er sýnd á aðaluppdráttum. Aðkoma slökkviliðs er frá bílastæði norðaustan við bygginguna. Í upphafi slökkvistarfs er ekki um annað slökkvivatn að ræða en það sem slökkvilið kemur með á staðinn, nálægðin við Hafralónsá gerir það að mögulegt er að koma dælum í ána ef slökkvivatn þrýtur af tönkum slökkviliðs, - þó ber að hafa í huga að mjög bratt er frá veiðihúsinu og niður að Hafralónsá, athygli er vakin á að aðgengi að ánni er árstöðarbundið, bratt og óöruggt.




ADALHÖNNUÐUR

Útg.	Dags.	Skýring	Br.af:	Yfirf.
------	-------	---------	--------	--------

Helstu stærðir.
Byggingin er á einni hæð.
Birt flatarmál 126,6m²
Skiptarúmmál 319,9m³

Lóð og bílastæði
Einbýlishús fyrir starfsmenn er innan lóðar veiðihúss, lóðastærð. 2.31ha
Heildar nýtingahlutfall á lóð. 0.035
Fjöldi bílastæða fyrir bæði húsin er, 9 stk.
Þar af eitt bílastæði fyrir fatlaða.
Sameiginlegar hleðslustöðvar 2 stk.



SNIDDA
ARKITEKTASTOFA
FAGRADALSBRAUT 9
700 EGILSSTAÐIR

Hafralónsá. Land úr Tunguseli

681 Þórshöfn
Einbýlishús fyrir starfsmenn við Veiðihúsið við Hafralónsá



Byggingarlýsing og Afstöðumynd Aðaluppdráttur

TEIKNINÚMER	BLAÐSTÆRD	HANNAÐ:	AMP
2207	A2	TEIKNAD:	AMP
(99)1.01		YFIRFARID:	EÓ


DAGS.	M/ELIKVARDI	ÚTGÁFA
-------	-------------	--------

23.6.2025


Anna María Þórhallsdóttir Einar Ólafsson	Arkitekt FAÍ Byggingafræðingur BFI	kt. 290779-5889 kt. 160865-5719
SAMPYKKT:		




GRUNNMYND 1. HÆÐ 1 : 100



SNID A 1 : 100




SNID B 1 : 100



SNID C 1 : 100

- RV Ræstivaskur
- GN Gólfniðurfall
- LR Loftræsing
- FL Flóttaleið
- PN Þakniðurfall
- TR Tengibúnaður fyrir rafbíla
- R Reykskynjari
- EI60 Brunamótstaða Veggja
- EI₂ 30-CS₂₀₀ Brunamótstaða Hurða
- SL Slökkvitæki
- ! Stjórnstöð brunaviðv. kerfis



SNIDDA
ARKITEKTASTOFA
FAGRADALSBRAUT 9
700 EGILSSTAÐIR

Hafralónsá. Land úr Tunguseli

681 Þórshöfn
Einbýlishús fyrir starfsmenn við Veiðihúsið við
Hafralónsá

Grunnmynd, Útlit og snið
Aðaluppdráttur

TEIKNINÚMER	BLADSTÆRD	HANNAÐ:	AMP
2207	A2	TEIKNAD:	AMP
(99)1.02		YFIRFARID:	EÓ
DAGS.	MÆLIKVARDI	ÚTGÁFA	

23.6.2025


Anna María Þórhallsdóttir
Einar Ólafsson

Arkitekt FAÍ
Byggingafræðingur BFÍ

kt. 290779-5889
kt. 160865-5719


SAMPYKKT: Approver

Norður 1 : 100



Suður 1 : 100

Austur 1 : 100



Vestur 1 : 100

